

Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 90/2003, um tekjuskatt, með síðari breytingum.

(Eftir 2. umr., 2. júní.)

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 2. gr. laganna:

- a. 1. tölul. 1. mgr. orðast svo: Skráðum hlutafélögum og einkahlutafélögum, svo og samlagshlutafélögum, enda sé þess óskað við skráningu að samlagshlutafélagið sé sjálfstæður skattaðili. Hjón ein sér eða með ófjárráða börnum sínum geta ekki myndað samlags-hlutafélag er sé sjálfstæður skattaðili.
- b. Á eftir „5.“ í 5. tölul. 1. mgr. kemur: og 6.
- c. Á eftir orðinu „samlagsfélags“ í 3. mgr. kemur: samlagshlutafélags.

2. gr.

Við 4. gr. laganna bætist nýr töluliður, svohljóðandi:

6. Lífeyrissjóðir sem starfa skv. III. kafla laga um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða.

3. gr.

Í stað „og 6. tölul.“ í 1. másl. 4. mgr. 71. gr. laganna kemur: 6. og 7. tölul.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.